

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 06.03.2025

Verkefnaráð	1
Atlassian vörur – kynning	3
Nýtt fylki	5

Verkefnaráðsfundur 06.03.2025

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024 - Kynningar
Dagsetning 06.03.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Eyvindur Elí Albertsson	
Fjarverandi: Harpa Atladóttir	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Fimmtudagur 06.febrúar 2025, kl.09:30 – 10:30– 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

09:30 -09:35 Samstilling
09:35–09:55 Kynning vörustjóra: Atlassian vörur
Eyvindur Elí Albertsson
09:55–10:00 Umræður
10:00–10:20 Kynning nýtt fylki - ákvörðun
Eva Björk Björnsdóttir
10:20-10:30 Umræður
10:30 Fundi slitið

Atlassian vörur – kynning

Innleiðing hófst í kringum 2020, í upphafi var skortur á samvinnu milli deilda/sviða og yfirsýn við innleiðingu. Atlassian var svarið við mörgum spurningum en kom þó oft í ljós að það hentaði ekki í öllum tilfellum. Á þessum tíma var enginn vörustjóri og það var í raun ekki nægileg einbeiting á hvað ætti að gera.

Sýn og stefna

Með innleiðingu og aðlögun Atlassian vara hjá borginni viljum við auka skilvirkni, sjálfvirkni, yfirsýn, gegnsæi og samstarf milli sviða og skrifstofa. Við viljum skapa umhverfi sem styður við starfsfólk, innri þjónustu og þjónustu við borgarbúa. Þannig fáum við fram betri þjónustustjórnun, meiri samvinnu, hagræðingu og aukin skilvirkni og betri yfirsýn.

Áhersla á Jira Service Management er að öll stoðþjónusta fyrir starfsmenn er á einum stað og að það náist að fækka sameiginlegum pósthólfum.

Helstu vörur

- ☐ Jira Service Management (JSM): Þjónustubeiðnir og þjónustustjórnun
- ☐ Jira: Verkefnastjórnun og rekjanleiki verkefna
- ☐ Confluence: Skjalavistun og þekkingarstjórnun
- ☐ Refined: Sérniðið framendaviðmót fyrir Jira og Confluence
- ☐ Jira Product Discovery: Gerir teyimum kleift að safna saman, forgangsraða og stýra hugmyndum um vörur, þannig að þróun samræmist markmiðum

Staðan núna

- ☐ Erum að skrifa útboð fyrir leyfum
- ☐ Förum úr áskriftarleið „premium“ í „enterprise“
- ☐ MÁP var að klárast – Bíðum eftir svari frá persónuverndarfulltrúa
- ☐ Erum að fara yfir áhættumat – Einu sinni á ári
- ☐ Erum að skrá tengingar í vinnsluskrá (Wired Relations)
- ☐ Erum að skilgreina hvernig verkefni koma inn og forgangsraðast

Helstu hagsmunaaðilar

- ☐ UTR – Eitt helsta vinnutæki skrifstofunnar – Allar beiðnir og verk eiga sér stað í JSM
- ☐ Launaskrifstofa - Hefur fært alla sína þjónustu í þjónustugátt
- ☐ Þjónustuver – Öll erindi sem berast með póst fara inn í JSM
- ☐ Aðrir hagaðilar sem koma að þjónustugátt starfsmanna (Hlaðan, rekstrarþjónusta, FAS)

Næstu skref

Móttaka ábendinga í JSM

- ☐ Nýr ábendingavefur skilar efni ábendinga í JSM og þjónustuver tekur á móti þeim

- ☐ Kallar á breytt verklag, ferlagreiningu og innleiðingu JSM hjá USK
- ☐ Kallar á að önnur svið og skrifstofur skoði innleiðingu hjá sér

Jira Product Discovery

- ☐ Þetta er ný vara í innleiðingu þar sem búið er að bæta við leyfum í útboð
- ☐ Gerir teymum kleift að safna saman, forgangsraða og stýra hugmyndum um vörur, þannig að þróun samræmist markmiðum
- ☐ Byrjum á vörustjórum SaaS, þróun og gagnþjónustu
- ☐ Varan heldur utan um veggvísir fyrir skýjalausnir SaaS vara

Greining á þjónustu UTR

- ☐ Þjónustuhönnun er að greina upplifun á þjónustu UTR og skilar niðurstöðum í apríl. Hugsanleg umbótaverkefni sem koma útúr þeirri vinnu.
- ☐ Bætt upplifun af þjónustu í þjónustugáttinni
- ☐ Skilvirkari afgreiðsla beiðna

Þjónustugátt starfsmanna

- ☐ Endurbætt hjalp.reykjavik.is
- ☐ Öll stoðþjónusta á einum stað “One stop shop”
- ☐ Framendalausn fyrir JSM og Confluence
- ☐ Verður nær Hönnu, hönnunarkerfinu, en áður
- ☐ Verður hægt að nálgast alla stoðþjónustu sem er í JSM
- ☐ UTR
- ☐ Launaskrifstofa
- ☐ Hlaðan
- ☐ Rekstrarþjónusta
- ☐ Atvikaskráning
- ☐ Ýmis hlunnindi
- ☐ Ýmis eyðublöð frá mannauðssviði
- ☐ FAS

Velferðarsvið

- ☐ Færa 12 pósthólf hjá Velferðarsviði í JSM
- ☐ Ferlagreining á dagskrá
- ☐ Nokkrar umsóknir af mínum síðum í JSM
- ☐ Líklega tímabundin lausn

Áskoranir

- ☐ Ekki nægileg tæknaðstoð til staðar (Application support)
- ☐ Takmörkuð þekking innanhúss – Sérstaklega út á sviðunum
- ☐ Leyfakostnaður

Sigrar

- ☐ Innleiðing hjá þjónustuveri
- ☐ Launaskrifstofa og ný þjónustugátt. Mikil ánægja og verulegur ábati.
- ☐ Meiri vitund innan borgarkerfisins um mikilvægi beiðnakerfis
- ☐ Betri stemning fyrir innleiðingu á Atlassian vörum
- ☐ Samstarf við stafræna leiðtoga

Umræður verkefnaráðs

Mjög flott kynning og gaman að sjá hvað þetta er komið langt, vörustjóri er að halda utanum mikið af verkefnum.

Aftur í efnisyfirlit

Nýtt fylki

Ákvörðun

Fylkið er heiti yfir forgangsörðunar verkfæri sem nýtt er hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði. Fylkið var sett á laggirnar árið 2020 og hefur nýst vel við forgangsörðun verkefna. Farið var í mótun og þróun á nýju Fylki útfrá stefnumiðaðri forgangsörðun og stuðst við helstu stefnur og áherslur sem áttu við á þeim tíma. Með mikilli innleiðingu nýrra lausna breytast áherslur og eins hafa stefnur breyst.

Af hverju nýtt Fylki? Eðlilegt er að vera í reglulegri mótun og þróun, sem gjarnan þekkist sem umbótaverkefni. Það var kominn tími á að endurskoða Fylkið þar sem stefnur og áherslur hafa breyst síðastliðin þrjú ár og leggja fram tillögu að nýrri forgangsörðun. Einnig var ákveðið að Stafrænt ráð kæmi skýrar inn í forgangsörðun verkefna.

Hvernig er forgangsraðar í dag

Forgangsörðun verkefna hjá Reykjavíkurborg er byggð á stefnumarkmiðum og hlutlægri nálgun, þar sem gagnsæi og fagleg rýni tryggja markvissa ákvörðunartöku. Með Fylkinu eru verkefni metin út frá sex lykilþáttum: virðisauka, áhrifum á þjónustu og fjölda notenda, lagalegum skyldum, stuðningi við grunnrekstur, sjálfbærni og jafnrétti.

Ferlið hefst á samtali og umsóknarvinnu, þar sem verkefni eru rýnd með tilliti til tæknilegra, lagalegra og skipulagslegra þátta. Verkefnaráð metur umsóknir, spyr spurninga og skorar verkefni eftir skilgreindum áherslum, sem gefur þeim ákveðið vægi í forgangsörðun.

Eitt helsta viðfangsefnið í ferlinu er mönnun og úthlutun verkefna, en samþykkt verkefni fara í teymi þar sem þau eru sett af stað í samræmi við forgang og framboð mannafla. Öll verkefni eru skráð í miðlæga verkefnaskrá sem veitir yfirsýn og tryggir að allir aðilar séu meðvitaðir um mikilvægi verkefna í stærra samhengi.

Þessi nálgun gerir Reykjavíkurborg kleift að forgangsraða verkefnum á skýran og skipulagðan hátt, stuðla að markvissri nýtingu fjármagns og mannafla, og tryggja að þau verkefni sem hafa mest áhrif á þjónustu og samfélag fái framgang í takt við stefnumarkmið borgarinnar.

Tillaga að breyttri forgangsörðun:


Forgangsörðun verkefna hjá Reykjavíkurborg verður áfram byggð á stefnumarkmiðum og hlutlægri nálgun, þar sem gagnsæi og fagleg rýni tryggja markvissa ákvörðunartöku. Með Fylkinu eru verkefni metin út frá sex lykilþáttum og er breyting þar á : ábata, áhrifum á þjónustu

og fjölda notenda, lagalegum skyldum, stuðningi við grunnrekstur, þjónustustefnu og stafrænni stefnu.

Vægi tekur einnig breytingum. Sjá hér tillögur að breyttum stefnum og áherslum:



Eldra Fylki versus nýja Fylki




Tillaga að leiðum – Ákvörðun



Tillaga að leiðum – ákvörðun

• Leggjum til leið A vegna þess að við teljum hana skilvirkasta



Næstu skref

- Leggja nýtt Fylki fyrir stafrænt ráð til samþykktar
- Innleiðing Fylkis hjá verkefnaráði og stafrænu ráði
 - Klára uppsetningu í excel
 - Prófa nýtt Fylki
 - Þjálfun í notkun nýs Fylkis

Skoða að kjarna skor í fylki og útskýringu á því í heimildarbeiðnum. Ef samþykkt óbreytt af stafrænu ráði, þá fer heimildarbeiðnin óbreytt til Borgarráðs. Breyta þarf heimildarbeiðnaskjalinu í samræmi við þetta.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt að fara leið A þar sem hún kjarnar þær áherslur og stefnur sem eiga við í dag og að stafrænt ráð taki lokaákvörðun í forgangsörðun verkefna. Mjög flott kynning sem þarf svo að kynna hér innanhúss og út á sviðin.

Nr.	Ákvörðun
1	Leið A samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra og deildarstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra stjórnsýslumála um hugsanlega breytingar tengdar heimildarbeiðnaskjalinu.	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs dags 20.mars 2025